Umboðsmaður Alþingis

Kristín Völundardóttir forstjóri
Útlendingastofnun
Dalvegi 18
201 Kópavogi

Reykjavík, 20. október 2026
Mál nr. F13/2026

Umboðsmanni Alþingis hafa undanfarin misseri borist allmargar kvartanir er lúta að tafsamri málsmeðferð Útlendingastofnunar. Varða kvartanirnar einkum meðferð ýmiss konar umsókna til Útlendingastofnunar, til dæmis um ríkisborgararétt, ólíkar gerðir dvalarleyfa og alþjóðlega vernd, svo dæmi séu tekin. Í mörgum tilfellum hefur meðferð málanna tekið langan tíma og í skýringum Útlendingastofnunar til umboðsmanns, í þeim tilfellum þegar slíkra skýringa hefur verið óskað, hefur jafnan verið vísað til mikilla anna í starfsemi stofnunarinnar og af skýringunum hefur verið ráðið að tafirnar séu jafnan almennar en ekki bundnar við einstök mál. Þá hefur jafnframt verið vísað til þess að fjöldi dvalarleyfisumsókna hafi til að mynda aukist mjög.

Á vefsvæði Útlendingastofnunar á vefsíðunni island.is er að finna upplýsingasíðuna *Staða mála og afgreiðslutími*. Þar er hægt að sjá hvenær ólíkar gerðir umsókna, sem verið er að taka til vinnslu hjá stofnuninni, bárust. Í dæmaskyni segir að nú sé verið að taka til vinnslu umsóknir um ríkisborgararétt, sem bárust í marsmánuði 2025, en það sýnast vera þær umsóknir, sem lengst bíða þar til þær eru teknar til vinnslu. Aðrar tegundir umsókna, sem nú er verið að taka til vinnslu, virðast ýmist hafa borist síðla árs 2025 eða á árinu 2026.

Á sama stað á vefsvæðinu er að finna upplýsingar um meðalmálsmeðferðartíma hverrar umsóknartegundar fyrir árið 2026, fyrir utan umsóknir um ríkisborgararétt og ferðaskilríki. Hinn tilgreindi meðalmálsmeðferðartími virðist þó aðeins taka til samþykktra umsókna, sbr. orðalag um hve langt hafi liðið frá því að umsókn var lögð fram og þar til leyfi var veitt eða endurnýjað. Er umræddur meðalmálsmeðferðartími allt frá tveimur mánuðum og upp í ellefu mánuði.

Athygli vekur að meðalmálsmeðferðartími fyrir árið 2026 er í sumum tilfellum tiltölulega skammur, til dæmis fjórir mánuðir í tilfelli *annarra dvalarleyfa*, enda þótt á sama stað sé upplýst að verið sé að taka til vinnslu umsóknir, sem ekki bárust á þessu ári, en í tilfelli *annarra dvalarleyfa* er verið að taka til vinnslu umsóknir er bárust í október 2025.

Kvartanir til umboðsmanns Alþingis, sem lúta að töfum við meðferð mála hjá Útlendingastofnun, gefa til kynna að málsmeðferðartími kunni í ákveðnum tilfellum að vera verulega lengri en sá meðalmálsmeðferðartími, sem tilgreindur er á vefsvæðinu. Sumum

þessara kvartana hafa fylgt samskipti aðila eða umboðsmanna þeirra við Útlendingastofnun þar sem fram kemur að af einhverjum orsökum hafi máli viðkomandi verið vísað til úrlausnar lögfræðinga stofnunarinnar, til dæmis vegna einhvers konar vafaatriða.

Með vísan til framangreinds er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að Útlendingastofnun veiti neðangreindar upplýsingar og skýringar.

1. Að gerð verði grein fyrir hvort rétt sé að skilja þær upplýsingar um meðalmálsmeðferðartíma, sem að framan er lýst og koma fram á vefsvæði stofnunarinnar, á þá leið að þar sé einungis tekið mið af þeim umsóknum, sem samþykktar eru. Sé raunin sú, er þess óskað að veittar verði upplýsingar um hve langur meðalmálsmeðferðartíminn er fyrir hverja tegund umsóknar, sé jafnframt tekið mið af málum þar sem umsókn er synjað. Að því gefnu að eingöngu sé tekið mið af samþykktum umsóknum, er þess jafnframt óskað að veittar verði skýringar á þeirri tilhögun upplýsingagjafar á vefsvæði stofnunarinnar og hvort stofnunin telji slíkar upplýsingar til þess fallnar að veita raunsanna mynd af málsmeðferðartíma.

2. Þess er jafnframt óskað að Útlendingastofnun varpi ljósi á samspil upplýsinga um meðalafgreiðslutíma á árinu 2026 annars vegar og hins vegar upplýsinga um það hvenær þær umsóknir, sem verið að taka til vinnslu, bárust stofnuninni, sbr. dæmið að framan í tilfelli *annarra dvalarleyfa*. Er þá átt við hvort mögulega gæti misræmis milli annars vegar þess meðalmálsmeðferðartíma, sem tilgreindur er fyrir árið 2026, og hins vegar upplýsinga um hvenær þær umsóknir, sem verið er að taka til meðferðar, bárust.

3. Að upplýst verði hvers vegna nokkur munur virðist vera á þeim tíma, sem líður frá umsókn þar til vinnsla hennar hefst af hálfu Útlendingastofnunar, eftir því hvers lags umsókn er um að ræða.

4. Þá er óskað upplýsinga um hversu langan tíma meðferð umsókna, sem af einhverjum sökum er vísað áfram til lögfræðinga stofnunarinnar, taki að meðaltali, liggi slíkar upplýsingar fyrir.

5. Að upplýst verði hversu langt er frá því að þær umsóknir, sem lengst er síðan lagðar voru fram og enn eru til meðferðar, bárust Útlendingastofnun. Er þess óskað að svarið sé sundurliðað út frá gerð umsóknar, þ.e. til dæmis varðandi ríkisborgararétt, alþjóðlega vernd og ólíkar gerðir dvalarleyfa.

6. Jafnframt er þess óskað, að teknu tilliti til svara Útlendingastofnunar við fyrri liðum fyrirspurnarinnar, að stofnunin veiti upplýsingar um verklag sitt að því er varðar tilkynningar til aðila um fyrirsjáanlegar tafir, sbr 3. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum um mögulega samræmda mælikvarða um það hvenær slíkar tilkynningar eru sendar. Að því marki, sem svarið kann eftir atvikum að taka mið af sérákvæðum laga um gildissvið stjórnsýslulaga, er þess þó óskað að þrátt fyrir það verði tekið mið af óskráðum meginreglum og vönduðum stjórnsýsluháttum.

7. Að síðustu er þess óskað að Útlendingastofnun lýsi afstöðu sinni til þess í hvaða horfi málshraði sé almennt hjá stofnuninni. Telji stofnunin þörf á úrbótum í því efni, er þess óskað að upplýst verði um hvort gripið hafi verið til aðgerða í því augnamiði að hraða meðferð mála og, ef svo er, hverra. Jafnframt verði upplýst ef slíkar aðgerðir standa fyrir dyrum.

Þess er óskað að svör berist eigi síðar en 5. nóvember nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Þorsteinn Davíð Stefánsson